



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 29. nóvember 2022

2211039SA KB  
Málalykill: 00.63

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum**

Vísað er til tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis, dags. 16. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum.

Með tillögunni er lagt til að mennta- og barnamálaráðherra verði falið að setja fram áætlun um hvernig tryggja megi að í grunn- og framhaldsskólum starfi félagsráðgjafar sem nemendur geti leitað til. Markmið tillögunnar er að tryggja að félagsráðgjafar starfi í skólum þannig að skólar geti betur sinnt hlutverki sínu miðað við áherslur í nýjum farsældarlögum og brugðist við á skilvirkan hátt innan veggja skólans um leið og þarfar verður vart.

#### **Afstaða sambandsins**

Í skýringum með tillögunni er bent á að rannsóknir hafi sýnt fram á mikilvægi snemmtæks stuðnings hvað varðar þjónustu við börn og ungmenni og að skólar séu mikilvægir í að búa börn og ungmenni undir flókið líf í flóknu samfélagi. Sambandið tekur undir þau sjónarmið enda er nú í gangi umfangsmikil vinna við að bæta þjónustu við börn m.a. með áherslu á snemmtækan stuðning. Í því sambandi má nefna lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, menntastefnu 2030 og aðgerðaáætlun á grundvelli hennar og ný áform mennta- og barnamálaráðherra um heilstæða löggjöf um skólalþjónustu.

Með lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er komið á fót skipulögðu stuðningsneti í kringum börn frá fæðingu og til 18 ára aldurs. Lögin gera m.a. ráð fyrir að öll börn og fjölskyldur þeirra skuli hafa aðgang að tengiliðum en þegar barn er á grunnskólaaldri skal tengiliður starfa innan grunnskóla. Í reglugerð um tengiliði og málstjóra er síðan að finna ákveðin hæfisskilyrði sem tengiliðum er ætlað að uppfylla m.a. hvað varðar menntun og reynslu en þar er opnað á að tengiliðir geti haft fjölbreytta menntun og reynslu.


Samkvæmt áformum mennta- og barnamálaráðherra er heildstæðri löggjöf um skólalþjónustu ætlað að tryggja aðgengi allra nemenda, foreldra og starfsfólks skóla að heildstæðri skólalþjónustu þvert á skólastig þar sem þrepaskiptur stuðningur liggja til grundvallar. Þá verði þjónustan samþætt annarri þjónustu sem veitt er í þágu farsældar barna óháð búsetu og er því samtvinnuð markmiðum laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Framangreindar breytingar á þjónustu við börn gera ráð fyrir að sveitarfélög, sem rekstraraðilar leik- og grunnskóla, hafi ákveðið svigrúm til að útfæra þjónustuna eftir því sem best hentar á hverjum stað. Bæði m.t.t. aðstæðna og þess mannafla sem sveitarfélögin hafa aðgang að enda er ljóst að víða er skortur á fagmenntuðu starfsfólki. Félagsráðgjafar eru klárlega sérfræðingar sem hafa dýrmæta þekkingu og geta reynst góð viðbót við starfslið skóla, annað hvort í tengslum við samþættinguna eða almenna skólaþjónustu. Sambandið telur hins vegar ekki rétt að taka eina stétt út fyrir sviga, líkt og þingsályktunin gerir ráð fyrir, og skylda skóla til að ráða til sín félagsráðgjafa. Mikilvægara sé að sveitarfélög og einstakir skólar geti haft aðgang að fjölbreyttum starfstéttum með mismunandi þekkingu og hæfni svo að hægt sé að skipuleggja þjónustu við börn eftir þörfum hverju sinni.

Með vísan til framangreinds leggst sambandið gegn samþykkt þingsályktunarinnar í óbreyttri mynd en telur mikilvægt að félagsráðgjafar séu hluti af því fjölbreytta mengi starfsstétta sem nauðsynlegt er að skólasamfélagið hafi aðgang að til að stuðla að farsæld barna til framtíðar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri